



Alþingi
Nefndasvið - velferðarnefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2022

2210207/0.4.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 100/2020 (lausasöluþyf) – 353. mál.

Embætti landlæknis tekur undir með umsögn Lyfjastofnunar vegna þessa frumvarps og þá sér í lagi varnaðarorð sem þar eru sett fram.

Embætti landlæknis áréttar að lyf, þar með talið lausasöluþyf, eru ekki almenn neysluvara. Þau hafa flest aukaverkanir í för með sér og sér í lagi ef þau eru ekki notuð rétt. Ekki verður séð að svo takmarkað aðgengi sé að lausasöluþyfjum að heimila þurfi sölu þeirra í öllum almennum verslunum. Verður a.m.k. ekki annað sagt en að á þeim stöðum á landinu, þar sem flestir búa og apótek eru starfrækt, sé gott aðgengi.

Í lyfjalögum nr. 100/2020, sem öðluðust gildi 1. janúar 2021, var opnað á þann möguleika að selja mætti tiltekin lausasöluþyf í almennri verslun, að fenginni heimild Lyfjastofnunar og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Um þetta er fjallað í m.a. greinargerð og umsögnum vegna frumvarps til lyfjalaganna. Innan við tvö ár eru frá gildistöku laganna og lítil reynsla komin á framkvæmd ákvæðis um rýmri heimild til sölu lausasöluþyfja. Verður ekki séð að nein brýn ástæða sé þess að rýmka heimildina enn frekar. Mikilvægt er að við sölu lyfja, þar með talið lausasöluþyfja, sé fyrir hendi sérfræðiþekking til upplýsingagjafar er miði að sem mestu öryggi við notkun lyfja. Slíku er best fyrir komið í apótekum og á vegum sérfræðinga sem þar starfa enda sé öryggi notenda lyfjanna haft að leiðarljósi. Í apótekum gefst þannig færi á að fræða kaupandann. Þetta er einmitt liður í því að efla heilsulæsi einstaklinga en bætt heilsulæsi getur einmitt gert fólki kleift að taka góðar ákvarðanir varðandi heilsu og vellíðan.

Með vísan í framangreint leggst embætti landlæknis gegn þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpinu.

Væri raunin hins vegar sú að aðgengi að lausasöluþyfjum væri ófullnægjandi og öryggi sjúklinga þannig stefnt í voða bendir embætti landlæknis á mikilvægi þess að styrkja innviði lyfjadreifingar í landinu sem fyrir er og leggja viðeigandi kvaðir á þá sem dreifingunni sinna, á grundvelli sérstakra lyfsöluþyfja.

Embætti landlæknis bendir einnig á að því fleiri sem útsöluþyfja eru því öflugra þarf eftirlit Lyfjastofnunar með starfseminni að vera.

Virðingarfyllst,

Alma D. Möller landlæknir